

# Aðalfundur Sæljóns

félag smábátæigenda á Akranesi

haldinn 21. september 2017

## Ályktanir til 33. aðalfundar LS

### **Veiðigjald**

Aðalfundur Sæljóns, haldinn á Akranesi 21. september 2017, mótmælir harðlega álögðu veiðigjaldi og krefst þess að það verði endurskoðað.

Greinargerð:

Veiðigjaldið er skattlagning og skattlagning verður að vera réttlæt看leg, svo sá sem hana greiðir láti sig hafa það, þó súrt sé. Forsendur fyrir útreikningi eru rangar og þess vegna þarf ekki að spyrja um útkomuna.

### **Strandveiðar**

Aðalfundur Sæljóns, haldinn á Akranesi 21. september 2017 tekur undir hugmyndir um að strandveiðikerfinu verði breytt þannig að hægt sé að róa fjóra daga í viku, fjóra mánuði á ári með fjórar rúllur og sama róðratíma 14 klst.

### **Fiskverð**

Aðalfundur Sæljóns, haldinn á Akranesi 21. september 2017, telur að sú lækkun sem hefur orðið á fiskverði sl. 5 ár sé ekki einhlít. Það verður að vera hafið yfir allan vafa að ekki sé um samráð að ræða á milli fiskkaupenda. Fulltrúar Landssambands smábátæigenda þurfa að fara í þetta mál.

## **Undanþága á veiðiskyldu í alvarlegum veikindum**

Aðalfundur Sæljóns, haldinn á Akranesi 21. september 2017, ályktar að Landsamband smábátæigenda óski eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

## **Veiðar á ufsa**

Aðalfundur Sæljóns, haldinn í Akranesi 21. september 2017, gerir kröfu um að handfæraveiðar á ufsa verði gerðar frjálssar þar sem ekki hefur náðst að veiða viðmiðunarkvóta undanfarin ár.

## **Makrílveiðar**

Aðalfundur Sæljóns, haldinn á Akranesi 21. september 2017, telur að hlutur smábáta í makrílkvótanum við Ísland eigi að vera að lágmarki 16.000 tonn.

Fundurinn harmar stjórnun þessara veiða sl. ár og lýsir vanþóknun sinni á þeim vinnubrögðum sem notuð voru við ákvarðanatöku að veiðunum.

## **Grásleppuveiðar**

Aðalfundur Sæljóns, haldinn á Akranesi 21. september 2017, mótmælir harðlega þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps. Fundurinn krefst þess að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust feld úr gildi.

## **Greinargerð**

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun

fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net en þessi athugun var framkvæmd af sérstökum eftirlistaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá.

Fundurinn telur að skoða þyrfti breytingar á skipulagi grásleppuveiða er gengur út á það að öll landsvæði byrjuðu veiðar á sama tíma. Þá telur fundurinn að Landsamband smábátaeigenda eigi að þrýsta á að hrognakaupendur gefi út verð sín viku áður að vertíð hefjist.

### **Humarveiðar í gildrum samhliða þróun á veiðum, vinnslu og markaðsetningu grjótkrabba.**

Aðalfundur Sæljóns, haldinn á Akranesi 21. september 2017, vill kanna möguleika þess að heimila humarveiðar í gildrum í Faxaflóa samhliða veiðileyfi á grjótkrabba.

Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að huga alvarlega að skaðsemi trollveiða á humri á lífríki sjávar. Út frá rannsóknum á skaðsemi trollveiða liggur það í augum uppi að ekki verði hægt að bjóða náttúrunni upp á slíkar aðfarir til lengdar.

Humarveiðar í gildrum lágmarkar áhrif á lífríki hafsins og eykur nýtingu auðlindarinnar til muna.

### **Greinargerð**

Grjótkrabbi er ný nytjategund innan veiðilögsögu Íslands og finnst hann nú í miklu magni í Faxaflóa. Ljóst er þó að löng og kostnaðarsöm þróunarvinna er framundan í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba áður en nýting á honum verði arðbær. Ómögulegt er fyrir smábátaeigendur að standa straum af kostnaði við slíka þróunarvinnu.

Með því að heimila humarveiðar í gildrum upp að vissu marki samhliða veiðum á grjótkrabba væri hægt að dekkja hluta þess kostnaðar og hvetja útgerðamenn til frekari þróunarvinnu við nýtingu á grjótkrabba sem í framtíðinni yrði sjálbærar og umhverfisvænar veiðar.